

Reglur um lengda viðveru fyrir fötluð börn og ungmenni

1.gr.

Markmið, skipulag og markhópur

Lengd viðvera er fyrir börn og ungmenni, með alvarlegar/flóknar fatlanir frá 10 ára aldri. Þjónustan á að mæta þörfum fjölskyldunnar meðan börn stunda grunn- og framhaldsskóla.

2.gr.

Dalvíkurbyggð sér um þjónustuna á þjónustusvæði um málefni fatlaðs fólks í Dalvíkurbyggð. Meðferðarteymi sér um að fara yfir umsóknir hverju sinni og fundar á 4 vikna fresti.

3.gr.

Umsóknarferlið

Umsóknir um lengda viðveru skulu berast félagshjónustu Dalvíkurbyggðar á sérstökum eyðublöðum sem eru inná Mín Dalvíkurbyggð. Á eyðublaðinu skal koma fram að með undirskrift sinni samþykki umsækjanda/forráðamaður öflun frekari upplýsinga um þjónustuþörf hjá fagmönnum sem til þekkjja.

4.gr.

Afgreiðsla umsóknar

Umsókn um þjónustu fyrir næsta skólaár skal skila inn fyrir 25.maí ár hvert. Umsókn um þjónustu er afgreidd eins fljótt og auðið er. Ákvörðun um þjónustu er byggð á einstaklingsmiðuðu mati út frá umsókn og þeim gögnum sem aflað er. Við matið er m.a. litið á fötlun, umönnunarþyngd, aldur umsækjanda, fjölskylduaðstæður og aðra þjónustu sem fjölskylda fær. Umsækjendur fá skriflegt bréf um afgreiðslu umsóknar innan fjögurra vikna frá því að umsókn berst inná Mín Dalvíkurbyggð.

5.gr

Opnunar/lokunartími

Á skólaárinu er lengd viðvera opin alla virka daga eftir að skóla líkur eða til kl. 16:00. Þegar vetrarfrí er í skólanum, á skipulagsdögum og á foreldraviðtalsdögum er lengd viðvera opin frá kl. 8-16. Yfir sumartímann er boðið upp á lengda viðveru hálfan dag.

6.gr.

Gjaldtaka

Félagsmálaráð Dalvíkurbyggðar setur gjaldskrá fyrir veitta þjónustu sem birt er á heimasíðu sveitarfélagsins. Gjaldskrá er uppfærð ár hvert og er unnin í samræmi við Frístund í grunnskólum.

7.gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklings skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi.

8.gr.

Rangar eða villandi upplýsingar

Þjónustan sem veitt er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga ef hendi þess er aðstoðina fær er í öllum tilfellum endurskoðuð og samningum rift ef þurfa þykir.

9.gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Starfsmenn félagsþjónustu og meðferðarteymi hafa umboð til að taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum.

10.gr.

Málskotsréttur

Telji umsækjanda á rétt sinn hallað skv. reglum þessum er honum heimilt að vísa ákvörðun til félagsmálaráðs innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Félagsmálaráð skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

11.gr.

Gildistími

Reglur þessar taka gildi frá og með 1.janúar 2024.

Samþykkt í félagsmálaráði þann 14.nóvember 2023

Samþykkt í sveitastjórn þann 28.nóvember 2023